

# Morgunblaðið

51. árgangur

191. tbl. — Þriðjudagur 18. ágúst 1964

Prentsmíðja Morgunblaðsins

## Grikkir heimta herlið sitt úr NATO

### Tyrkir ségja fólk sitt svelta á Kýpur

Aþenu og SP, New York, 17. ágúst — (AP) —

**GRIKKLAND** tilkynnti Atlantshafsbandalaginu í kvöld að það myndi taka þann hluta herliðsins, sem með byrfti úr sameiginlegum her bandalagsins „til þess að verja sjálfstæði Kýpur og afstýra stöðugum hótunum Tyrkja.“

Gríski utanríkisráðherra, Spyros Kyprianou kom aftur til Nicosíu í dag. Aðspurður hvort hann hygði á Moskvuferð til þess að ræða boð Krúsjeffs forsætisráðherra um aðstoð til handa Kýpur, sagði Kyprianou að það kynni vel að vera. Kvað hann málið nú vera til umræðu á Kýpur.


Talsmaður stjórnarinnar kvað hernaðarástandið á eyggi hafa verið rætt í ljósi yfirlýsingar Papandreous, forsætisráðherra, um að Grikkir myndu koma til liðs við Kýpur með öllu herliði sínu, ef Tyrkir gerðu aftur áráð á eyna. Kvað Kyprianou fulla einingu ríkja með grísku stjórninni og Kýpurstjórn um stefnu þá, sem taka bæri í málum þessum.

Ekki er víst, hve mikið herlið Grikkir hyggjast heimta úr sameiginlegum her Atlantshafsbandalagsins, en talsmaður grísku stjórnarinnar segir það vera í athugun. Átta af tólf herfylkjum Grikkja eru í her samtakanna,

**GEORGES** Grivas, hershöfðingi, fyrrum leiðtogi EOKA-hreyfingarinnar, hefur nú tekið við yfirstjórn þjóðvarnarliðs Kýpur af Karayannis, hershöfðingja. Myndin er tekin í Pakhiammos á Kýpur á dögunum er Grivas kom þar við á eftirlitsför um eyna. Með Grivas (sem er til hægri á myndinni) eru Pólykarpos Georgjadis, innanríkisráðherra grísku Kýpurstjórnarinnar og K.S. Thimayya, yfirmaður herliðs S.P. á eyggi, (fyrrir miðju).

og flugherinn allur þeim til ráðstöfunar.

Fulltrúi Tyrklands hjá Sameinuðu þjóðunum, Orhan Eralp, sendiherra, ræddi við U Thaht í kvöld og mæltist til aðstoðar við tyrkneskumælandi menn í Kokkina og Mansoura-héruðunum á Kýpur, sem nú væru aðþrengdir um vistir, þar sem Kýpur-Grikkir bönnuðu alla birgðaflutninga til héraða þessara. Sagði talsmaður tyrknesku stjórnarinnar, að Kýpur-Grikkir vildu svelta tyrkneskumælandi menn á eyggi og sagði að SP ættu að taka að sér að sjá um að matvæli og eldsneyti til heimilisnota fengist flutt til héraðanna.



## Skæruliðar frá Indónesíu ganga á land í Malaysíu

Kuala Lumpur, 17. ágúst, AP — NTB.

**MALAYSÍJA** sakaði í dag Indónesíu um að hafa stofnað til innrásar á meginland ríkisins og greip til sérstakra öryggisráðstafa í þrem strandfylkjum, Johore, Malacca og Negri Sembilan.

Varaforsætisráðherra og varnarmálaráðherra, Tun Abdul Razak, sagði á blaðamannafundi í dag, að hópur 30 til 40 Indónesa hefði gengið á land á ýmsum stöðum á vesturströndinni í bitíð í morgun. Razak sagði að 13 innrásarmanna, sem sumir væru hermenn úr sjóher Indónesíu, hefðu verið handteknir og hefði einn hermanna Malaysíu sært í viðureigninni. Hinna innrásarmanna er nú leitað.

Þetta er í fyrsta sinn sem Indónesía gerir innrás á meginland Malaysíu. Razak kvað stjórn sína myndu tilkynna Öryggisráði S.P.

atburð þennan en sagði, að ekki muni leitað eftir aðgerðum af hálfu S.p. eins og sakir staðu.

Razak tilkynnti einnig á fundinum, að sérstakar öryggisráðstafanir hefðu nú verið settar í strandríkjum þrem. Ekkj eru nema 30 mílur milli Indónesíu og Malaysíu yfir hið þrönga Malaccasund. Hafa nú yfirvöld í fylkjum þessum heimild til að framkvæma handtökur án formlegrar tilskipunar og til að beita skotvopnum ef nauðsyn krefur. Þá liggur dauðarefsing við því að hafa undir höndum skotvopn, nema leyfi hafi verið fengið til þess áður. Heimavarnarlið Malaysíu hefur einnig verið kallað út og heilli hersveit stjórnarhersins í Johore-fylki hefur verið gert að vera viðbúin hverju sem fyrir kynni að koma, og öll leyfi hennar afturkölluð. Razak neitaði að segja, hver væri herstyrkur

heimavarnarliðsins, en sagði að nokkrar deildir þess myndu aðstoða hermenn stjórnarinnar og lögreglu ríkisins við eftirlit í hérudum þessum.

Skæruliðar Indónesíu eru sagðir hafa verið settir á land í fenjahéraðinu Pontian í Johorefylki, sem er um 35 mílur norðvestan Singapore.

Razak kvað innrásarmennina hafa komið yfir sundið á litlum bátum með utanborðsvél og hefðu tveir slíkir bátar fundizt á ströndinni í morgun. Innrásarmennirnir hefðu verið vel vopnum búin, sagði Razak ennfremur, og hefðu hermenn stjórnar-

**LIVERPOOL** vann 5-0 og lék sér að KR eins og köttur að mús. Hér skorar Wallace innherji fyrsta markið, eftir 2 mín. leik. Sjá íþróttir bls. 22. (Ljós.: Sv. Þorm.)

innar náð miklu af þeim.

Aðspurður kvaðst Razak ekkert vilja um það segja, hvort til innrásarinnar hefði verið stofnað til þess að leggja meiri áherzlu á þau orð Sukarnos, forseta Indónesíu, er hann viðhafði í ræðu á þjóðhátíðardegi ríkisins, að hann hefði einsett sér að brjóta á bak aftur hið unga sambandsríki Malaysíu.

Þá benti Razak á það, að enda þótt Indónesía hefði ekki viðurkennt Malaysíu þegar ríkið var stofnað í september s.l., þá hefði Indónesía viðurkennt Malaya-sambandsríkið sem áður hefði verið. „Indónesía hefur nú tekið af skarið“, sagði Razak, „þetta er hrein árás á sjálfstæði okkar og fullveldið.“

Framhald á bls. 2

## Sovéskur hagfræðingur aðhyllist kapítalisma

Moskva 17. ágúst. — AP.

**SOVEZKUR** hagfræðingur leggur það til, í grein sem hann ritar í Pravda í dag, að Sovétríkin láti efnahagskerfi það, sem þau nú búa við, lönd og leið og taki upp annað kerfi, sem segir nánar frá í greininni og þykir þera tölu verðan keim af því sem Rússar hafa til þessa kallað kapítalisma.

Hagfræðingur þessi, Viktor Trapeznikon, leggur til að gerðar verði breytingar á efnahagskerfi Sovétríkjanna, sem miða að því að auka einstaklingsfrélsið og gera efnahagslífið allt háðara hinu einfalda lögmáli um framboð og eftirspurn.

Segir Trapeznikon í grein sinni, að efnahagskerfi Sovétríkjanna sé úrelt og af sér gengið og ætti að afskrifast. Það hafi gert sitt gagn á frumbylgingar-

um sovézks efnahagslífs, en nú þurfi annað til en þá.

Trapeznikon vill taka upp nýtt bönuskerfi, sem hann telur að myndi auka bæði afköst og hagnad. „Fjármálaeftirlit verður að byggjast á uppörvun, álögum, sektum og breytilegu verðlagi, sem allt gerir sitt til þess að stefna tæknipróuninni í rétta átt“ segir þessi sovézki hagfræðingur og nefnir ýmis dæmi vestan úr Bandaríkjunum til stuðnings máli sínu.

Trapeznikon vill gera hvort tveggja, verðlauna meiri framleiðslu og betri framleiðslu, t.d. með skattaivilunum og hegna fyrir slæma vinnu með refsiaðgerðum á borð við sektir fyrir afgreiðslufresti, sem ekki eru Framhald á bls. 2

